



---

# SAMFÉLAGSSKÝRSLA VÍSIS HF. 2021

---

15. JÚNÍ 2022  
VÍSIR HF.  
Hafnargata 16, 240 Grindavík



## Efnisyfirlit

Árið í hnotskurn – helstu málefni 2021 .....	3
Áhrif COVID-19 og jarðhræringa á rekstur.....	3
Kaup á togbát .....	4
Skerðing kvóta og áskoranir við það.....	4
Tilflutningur veiðiheimilda.....	4
Þróun á vinnslu .....	4
Erlend starfsemi.....	5
Heimsmarkmiðin og sjávarútvegurinn .....	5
Líf í hafi .....	5
Nýsköpun og uppbygging .....	5
VERÐMÆTI Í VINNSLUVATNI FRÁ BOLFISKVINNSLU.....	6
„GREINING Á HRINGORMUM Í FLÖKUM“.....	6
<b>Umhverfi</b> .....	8
Vísir nýtir auðlindir hafsins á sjálfbæran og lögmætan hátt.....	8
Umhengni um hafið .....	8
Sjálfbærir fiskstofnar .....	8
Verðmætaukning hráefnis .....	8
Gæði og matvælaöryggi.....	9
Lágmörkum sótsporið.....	9
1. Mæla sótsporið: kolefnisuppgjör .....	9
2. Aðgerðir til að draga úr losun.....	10
3. Jafna og binda kolefni .....	12
<b>Stjórnarhættir</b> .....	13
Starfs- og siðareglur Vísis .....	13
Skattspor Vísis hf. ....	14
Stjórnarhættir.....	14
<b>Félagsþættir</b> .....	15
Mannauður.....	15
Jafnréttisáætlun.....	15
Meðferð persónuupplýsinga .....	16
Fræðsla fyrir starfsmenn .....	16
Jafnlaunavottun .....	17
Heilsa og öryggismál .....	17
<i>Slys og forvarnir</i> .....	18
Tengsl við menntakerfið .....	19
Styrkir og þátttaka í verkefnum og samtökum .....	19
Innsýn í störf sjómanna á þekktum miðli .....	20
Samantekt .....	21
Umhverfisuppgjör - Lykiltölur.....	22



## Inngangur forstjóra

Árið 2021 var mjög sérstakt hjá Vísi hf., rétt eins og öðrum fyrirtækjum landsins. Ástæðan er heimsfaraldurinn en því til viðbótar mörkuðu jarðskjálftar og eldgos djúp spor í minningu þessa árs eins og fram kemur við lestur þessarar skýrslu. Þrátt fyrir það er margt góðs að minnast og þakka fyrir svo sem að vel gekk að veiða, vinna og selja afurðir þrátt fyrir áskoranir af ofangreindum ástæðum. Aðrir eldri draugar ganga reglulega í endurnýjun lífdaga svo sem tilfærsla veiðiheimilda frá hefðbundnum fyrirtækjum til nýrra aðila með fyrirsjáanlegum afleiðingum. Um það nýjasta þar má einnig lesa nánar í þessari skýrslu.

Sjávarútvegur á Íslandi er mjög fjölbreyttur hvort sem horft er til stærðar eða gerðar og er það einn af hans stærstu kostum. Eðlilega geta hagsmunir fyrirtækjanna skarast á eftir því hvar þau staðsetja sig í heildarflórunni og það sem reynist best fyrir heildina þarf ekki endilega að vera best fyrir alla. Vísir hefur alla tíð talist til þeirra bolfiskfyrirtækja sem veiða og vinna sinn eigin afla og í seinni tíð markaðssett eigin afurðir með sterku sölu- og markaðskerfi. Skipulag og fjárfestingar hafa því tekið mið af því. Reynslan hefur sýnt að mikil þörf er á að benda á þá mismunun sem þessi hluti greinarinnar hefur mátt þola í gegnum tíðina.

Vísir er hluti af sínu samfélagi og vill rísa undir þeirri ábyrgð sem því fylgir. Fyrirtækið hefur mætt auknum kröfum um gagnsæi með þeirri upplýsingagjöf sem ætlast er til af þeim fyrirtækjum sem teljast til þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja. Stefna Vísis hf. í samfélagsábyrgð var unnin í samvinnu við fyrirtæki innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og grundvallast á heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem sjá má nánar á [samfelag.sfs.is](http://samfelag.sfs.is). Vísir undirritaði þá samfélagsstefnu 3. september 2020.

Það er vilji og trú eigenda og stjórnenda Vísis að fyrirtækið skipi sér í hóp þeirra fyrirtækja sem til fyrirmyndar geta talist og best verða búin undir áskoranir framtíðarinnar – framtíðar sem er bæði björt og spennandi.

*Pétur Hafsteinn Pálsson*



## Almennt um Vísi hf.

Vísir hf. er sjávarútvegsfyrirtæki sem gerir út þrjú línuskip, tvo dagróðrabáta og einn togara og rekur tvær fiskvinnslur í Grindavík. Dótturfélög Vísis hf. eru Samvís ehf., Þorvís ehf., Deutsche Salzfisch-Union GmbH., MAR Guesthouse ehf, Sjávarmál ehf, Daðey ehf. og Vísir GmbH. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns við að veiða, vinna og selja afurðir félagsins til fjölda landa beggja vegna Atlantshafsins. Skip félagsins veiða bæði á línu og troll og tryggja þannig jafnt framboð af hráefni allt árið. Saltfiskvinnsla Vísis hefur verið í sama húsinu í Grindavík síðan fyrirtækið var stofnað, árið 1965, þótt verkunaraðferðin og búnaðurinn innanhúss hafi tekið miklum breytingum á þeim tíma. Frystihúsið var sett upp árið 2014 og er vel útbúið tækjum til að framleiða fjölbreyttar afurðir, bæði ferskar og frystar. Jöfn veiði, sveigjanlegar og kraftmiklar vinnslur og skilvirkt gæðaeftirlit hefur verið lykillinn að því að mæta kröfum kaupenda í áranna rás og nýttist sérlega vel á árinu 2021.

### Um skýrsluna

Samfélagsskýrslan er fyrir Vísi án dótturfélaga nema annað sé tekið fram. Skýrslan er ekki staðfest eða endurskoðuð af þriðja aðila í heild sinni en umhverfisupplýsingar eru teknar út úr umhverfisstjórnunarkerfi Klappa. Mælikvarðar og upplýsingar í skýrslunni eru byggðar á þekkingu og gögnum sem fyrirtækið hefur undir höndum á þeim tímapunkti sem hún er rituð og er ekki tæmandi yfir öll áhrif starfseminnar á umhverfi, samfélag og efnahag.

Skýrslan er byggð upp í samræmi við stefnu fyrirtækisins í samfélagsábyrgð og umhverfisuppjörið fyrir 2021 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og á Norðurlöndunum gáfu út árið 2019.

## Árið í hnotskurn – helstu málefni 2021

### Áhrif COVID-19 og jarðhræringa á rekstur

Kórónuveirufaraldurinn hafði, eins og á síðasta ári, umtalsverð áhrif á rekstur samstæðunnar. Starfsumhverfi og verkferlum í framleiðslu hjá félaginu var breytt til að tryggja öryggi starfsmanna sem og til að viðhalda samfellu í rekstri. Aðgengi utanaðkomandi fólks að starfsstöðvum félagsins var takmarkað, aðskilnaður starfsmanna og starfseininga tryggður og mikil áhersla lögð á sóttvarnir og aukið hreinlæti. Flutningaleiðir með afurðir félagsins röskuðust umtalsvert í þessu ástandi, með auknum tilkostnaði, en með sameiginlegu átaki stjórnenda og starfsmanna tókst að tryggja flutninga á þeim með viðunandi hætti til viðskiptavina. Miklar breytingar urðu á mörkuðum félagins, hvort tveggja vegna efnahagslegra breytinga og breytts neyslumynsturs. Félaginu tókst fljótt og örugglega að laga sig að þessum breytingum og hefur uppbygging í vinnslum félagsins og erlendri starfsemi sannað sig.

Árið byrjaði með öflugum jarðskjálftahrinum sem lauk með eldgosi í Geldingadölum í marsmánuði. Þessir atburðir kölluðu á viðbrögð almennings, yfirvalda og fyrirtækja. Hjá Vísi hf. voru haldnir reglulegir fundir um mögulegar sviðsmyndir og viðbrögð við þeim. Farið var yfir rýmingaráætlanir og forgangsverkefni ásamt áhættugreiningu, til að vera viðbúin því sem hugsanlega kæmi. Fundað var með bæjarstjóra, björgunarsveitum og tryggingaraðila. Mat manna var að ef til eldgoss kæmi norðan Þorbjarnar væri hættu á að heitt og kalt vatn færi af húsum fyrirtækisins og einnig að rafmagn færi af, og var því keypt ljósavél sem hægt væri að grípa til ef þörf væri á. Starfsfólki og bæjarbúum létti mjög þegar gosið hófst á besta mögulega stað fyrir innviði bæjarins og jarðskjálftar svo gott sem hættu. Hins vegar töluðu fræðimenn um að hugsanlega væri nýtt skeið að hefjast, þar sem búast mætti við fleiri



eldsumbrotum á Reykjanesi næstu ár eða áratugi. Með það í huga hefur farið fram vinna við gerð viðbragðs- og aðgerðaáætlaða til að tryggja áframhaldandi starfsemi og viðhalda sterkum viðskiptasamböndum. Þær áætlanir eru í stöðugri endurskoðun. Niðurstaðan er sú að þrátt fyrir þetta krefjandi umhverfi varð rekstrarniðurstaða ársins viðunandi.

## Kaup á togbát

Í ágúst mánuði tók félagið ákvörðun um að skipta út einum línubát fyrir togbát. Tilgangur þess var tvíþættur. Annars vegar var þetta gert til að koma til móts við þá kaupendur sem leggja litla áherslu á línufisk og hins vegar til að jafna hráefnisöflunina. Veiðihæfni línu minnkar seint á vorin og snemma hausts en þá eykst að sama skapi veiðihæfni togbáta.

## Skерðing kvóta og áskoranir við það

Þorskkvótinn var skertur um 13% á fiskveiðiárinu 2021-2022. Til að mæta þeirri skerðingu og tryggja áfram heilbrigðan rekstur sá fyrirtækið sig knúði til að leggja einu skipi. Með bættu fríakerfi tókst að tryggja flestum sjómönnum starf áfram. Til viðbótar við fækkun skipa þurfti að stöðva reksturinn um einn mánuð umfram sumarfrí ársins 2022 til að mæta skerðingunni.

## Tilflutningur veiðiheimilda

Of langt mál er að rekja þá sögu hér en til er samantekt sem sýnir að tilflutningur veiðiheimilda frá hefðbundnum bolfiskfyrirtækjum, eins og Vísi, til annara aðila, nemur um 50 þúsund tonn af bolfiski. Þótt eitthvað af því hafi ratað til baka er langstærstur hluti þessara heimilda nú hjá krókaafلامarksskipum. Þessi tilfærsla kom til viðbótar við helmingsniðurskurð á heildarafla. Þetta er ein helsta orsök þess að þessum fyrirtækjum fækkaði meira en öðrum á tímum aðlögunar að afrakstri fiskistofnanna. Þó menn hafi alltaf trúað því að þessu yrði hætt, hafa jafnharðan komið fram nýjar „aðferðir“ til að færa veiðiheimildir á milli aðila. Þær nýjustu eru til strandveiðanna sem vaxa ár frá ári, á meðan aðrar veiðar dragast saman af verndunarsjónarmiðum. Skiptipotturinn gegnir hér lykilhlutverki eftir að uppsjávarhlutinn fór að leggja inn í hann eins og aðrir. En hann getur fengið sínar aðaltegundir til baka en bolfiskhlutinn ekki. Því betur sem uppsjávarhlutanum gengur því meira fer út úr aflamarkskerfinu af þorski yfir í strandveiðina. Þær veiðar eru að stórum hluta stundaðar af fólki sem kemur úr öðrum störfum og bitnar á þeim sem hafa sjómennsku að aðalstarfi. Verði ekki stefnubreyting hér munum við áfram sjá uppgang strandveiða á sama tíma og uppsagnir og tímabundnar lokanir hinna hefðbundnu fyrirtækja aukast.

## Þróun á vinnslu

Haldið var áfram að þróa búnað og vinnslu frystihússins með það að markmiði að fækka erfiðum störfum í vinnslunni. Stærsta breytingin var sú að teknir voru í notkun róbótar sem vega, meta og raða unnum afurðum í kassa. Til að skapa rými til frekari hagræðingar og framfara er verið að stækka fiskvinnsluna á Miðgarði með 500 fm viðbyggingu sem nýtist vinnslunni.



Erlend starfsemi

Árið 2021 keypti Vísir aukinn hlut í fyrirtækjum sínum á Spáni (Cabo Norte) og í Grikklandi (Pytheas). Í framhaldi af því hófst vinna við að samræma alla starfsemi fyrirtækisins í þeim löndum sem það er með starfsemi í. Þetta er Þýskaland, Ítalía, Spánn og Grikkland. Sú vinna hélt áfram á árinu og hefur þegar skilað árangri fyrir samstæðuna í heild.

## Heimsmarkmiðin og sjávarútvegurinn



Grunngildin í samfélagsstefnu sjávarútvegs eru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 14 (Líf í hafi) og 9 (Nýsköpun og uppbygging). Í stefnunni er einnig fjallað um önnur undirmerkið sem ekki eru síður mikilvæg. Þau eru þessi: Friður og réttlæti (númer 16), Góð atvinna og hagvöxtur (númer 8), Jafnrétti kynjanna (númer 5), Aðgerðir í loftslagsmálum (númer 13) og Ábyrg neysla og framleiðsla (númer 12).

Vísir tekur Heimsmarkmið númer 3 (Heilsa og vellíðan) einnig inn í mannauðstefnu sína og númer 7 (Sjálfbær orka) inn í umhverfisstefnu sína.

### Líf í hafi

Það er stórt efnahagslegt og félagslegt hagsmunamál fyrir íslenska þjóð að ástand fiskistofna sé gott og upplýsingar um veiðar og umgengni við vistkerfi hafsins séu traustar, rekjanlegar og gagnsæjar. Ábyrg og góð umgengni í náttúrunni er skilyrði fyrir því að fiskistofnar við Ísland verði áfram nýttir með sjálfbærum hætti.



Aukinn útblástur gróðurhúsalofttegunda hefur leitt til loftslagsbreytinga og hlýnunar jarðar. Sjórinn dregur í sig þann varma og hlýnar, og það hefur áhrif á hafstrauma og lífsskilyrði í hafinu. Sjórinn dregur einnig í sig stóran hluta af koldíoxíði sem losnar og leiðir það til súrnunar sjávar. Staða loftslagsmála er því ógn við sjávarútveg á norðurslóðum og um heim allan.

Vísir styður auknar rannsóknir á vistfræði og efnafræði sjávar og vill stuðla að því að auka skilning á áhrifum hlýnunar og súrnunar sjávar og plastmengunar á lífríki hafsins.

### Nýsköpun og uppbygging

Nýsköpun og fjárfesting eru mikilvæg forsenda árangurs í umhverfismálum. Með nýsköpun er einnig lagður grunnur að verðmætum störfum í sjávarútvegi og tengdum atvinnugreinum. Það stuðlar síðan að áframhaldandi þróun og viðheldur góðum árangri á sviði umhverfismála. Íslenskur sjávarútvegur mun áfram taka þátt í þessari vegferð. Með nýsköpun myndast tækifæri sem enginn sér fyrir og því munum við halda áfram að greina þau, nýta gögn og fjárfesta í leiðum og lausnum til að gera sífellt betur.





Vísir hefur um árabíl verið tæknileg þróunar- og sýningarvinnsla fyrir Marel og hefur tekið á mótí mörgum af núverandi viðskiptavinum þeirra héraðs og erlendis. Fyrirtækið hefur unnið náið með hönnunardeild og þannig verið mikilvægur hluti í farsælu samstarfi fyrirtækjanna við þróun og hönnun á hátæknifiskvinnslu í heimsklassa.

Þau nýsköpunarverkefni sem Vísir tók þátt í á árinu voru þessi:

#### VERÐMÆTI Í VINNSLUVATNI FRÁ BOLFISKVINNSLU

Vísir, Háskóli Íslands og Matís, standa að verkefni sem snýr að því að kortleggja verðmæt prótein í vinnsluvatni. Stýrihópur verkefnisins skipa þátttakendur úr iðnaðinum, fulltrúar frá Háskóla Íslands og sérfræðingar frá Matís. Sveinn Ari Guðjónsson, starfsmaður Vísis, er formaður stýrihópsins. Markmið verkefnisins er að þróa verðmætar afurðir úr próteini í vinnsluvatni frá bolfiskvinnslu. Magn og eiginleikar próteina í vatni frá mismunandi vinnslutækjum verða kortlagðir, að teknu tilliti til hráefnis, stillinga búnaðar og fleiri þátta. Vatnsrofin prótein hafa ýmsa eftirsóknarverða eiginleika og notkunarmöguleikarnir einskorðast ekki aðeins við framleiðslu á fæðubótarefni. Þau má ekki síður nýta sem íblöndunarefni í ýmsar vörur en þá er sóst eftir þeim eiginleikum sem þau hafa. Lagt verður mat á hvort unnt sé að minnka próteintap og aðferðir verða þróaðar til að safna og vinna vörur til manneldis úr þessu hliðarhráefni.

#### SALTFISKUR TIL FRAMTÍÐAR

Vísir hf. vinnur að verkefninu Saltfiskur til framtíðar, með tveimur öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum ásamt Matís og Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni verðmætasköpun með því að þróa og besta aðferðafræði við útvötnun á saltfiski, miðað við núverandi framleiðsluhætti. Markmið verkefnisins er að hafa góðar upplýsingar um geymsluþol útvatnaðs saltfisks í frosti og kæligeymslu eftir frost (refreshed). Jafnframt er ætlunin að meta áhrif mismunandi söltunaraðferða á gæði og nýtingu eftir útvötnun. Í þriðja lagi á að meta áhrif mismunandi samsetningar vatns á gæði útvötnunar, þar sem munur í sýrustigi vatns, sem notað er til útvötnunar, getur haft áhrif á útfærslur mismunandi útvötnunaraðferða og til þessa þarf að taka tillit við gerð leiðbeininga um útvötnun. Í fjórða lagi er ætlunin að meta notagildi hraðvirkra mæliaðferða á efna-/gæðapætti í fullvinnsluferli saltfisks, sem gætu sparað verðmætan tíma og leitt af sér stöðugri gæði lokaafurðanna. Verkefnið mun skila nýrri og mjög mikilvægri þekkingu og leiðbeiningum um nýtt verklag við framleiðslu og þökkun á útvötnuðum saltfisksafurðum. Þetta mun skila sér í mikilli virðisaukningu og leggja grunn að nýjum tækifærum til að markaðsfæra meira unninn saltfisk og geta svarað eftirspurn erlendra neytenda með afgreiðslu á afurð af réttum gæðum og auka þar með samkeppnishæfi íslenskra framleiðenda, sér í lagi á erlendum mörkuðum.

#### „GREINING Á HRINGORMUM Í FLÖKUM“

Vísir hf., Matís, Háskóli Íslands, Marel og SFS hlutu styrk frá Matvælasjóði til að meta möguleika og fýsileika á nýtingu mynd- og litrófsgreiningartækni (Multispectral Imaging, MSI) til að greina hringorma í flökum. Hér er um gífurlegt hagsmunamál að ræða fyrir sjávarútveginn og þjóðarþúið í heild. Niðurstöður verkefnisins munu svara mikilvægum spurningum sem brenna á fiskvinnslufyrirtækjum og



fyrirtækjum í framleiðslutækni um möguleika á nýtingu MSI tækni til greiningar á hringormum en markaðurinn gerir miklar kröfur um að ormalausn fisk.

#### SAMSTARF UM ÞRÓUN NÝRRRA ORKUGJAFNA FYRIR BÁTNA

Vísir hf. trúir því að með samvinnu sé greiðari leið fyrir nýja, umhverfisvæna orkugjafa á markaðinn.

Fyrirtækið hefur verið að skoða ýmsa möguleika og var til að mynda einn af samstarfsaðilum Navis við hönnun á fyrsta rafknúna línubátnum. Samstarfið fólst í aðgangi að mannskap Vísir hf. og áhöfnum og aðgangur veittur að mælingum frá bátum Vísir hf., þ.e.a.s. um lengd veiðiferða og orkunotkun. Gögnin byggðu að mestu á veiðiferðum Daðeyjar GK, 20 brúttótonna krókaflamarksbáts Vísir hf.

Jafnframt hefur félagið skoðað aðkomu að hönnun og smíði á skipi, knúnu vetni.

#### ÞRÓUN Á UMHVERFISVÆNNI UMBÚÐUM

Undirbúningsvinna er hafin á verkefni sem tengist því að skipta frauðplasti út fyrir umhverfisvænni umbúðir.



## Vísir nýtir auðlindir hafsins á sjálfbæran og lögmætan hátt

### Umgengni um hafið

Vísir hf. leggur mikla áherslu á ábyrga umgengni um auðlindirnar. Veiðistefna fyrirtækisins byggir að mestu á línuútgerð, rekjanleika og öflugri sóknarstýringu. Rekjanleikinn gefur upplýsingar um framleiðsluferil afurðanna og eru allar afurðir rekjanlegar niður á veiðislóð hvers skips. Með því skipulagi er einnig hægt að stýra bátunum í þann fisk sem hentar hverju sinni miðað við veiðireynslu síðustu ára. Þannig nýtir fyrirtækið best þær aflaheimildir sem það hefur og hámarkar verðmæti þeirra.

### Sjálfbærir fiskstofnar

Vísir hf. á aðild að Ábyrgum fiskveiðum sem nota vörumerkið Iceland Responsible Fisheries. Ábyrgar fiskveiðar hafa fengið vottun á íslenskum þorski, ýsu, löngu, keilu og fleiri tegundum. Þannig er sýnt fram á með gagnsæjum hætti að staðið er að fiskveiðum og fiskveiðistjórnun á Íslandi á ábyrgan og viðurkenndan hátt, í samræmi við kröfur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þessir fiskstofnar hafa einnig verið vottaðar gagnvart staðli Marine Stewardship Council (MSC) og hefur Vísir rétt á að selja MSC- vottaðar afurðir í gegnum aðild sína í Iceland Sustainable Fisheries (ISF). Allar afurðir fyrirtækisins eru veiddur fiskur úr villtum fiskistofnum og eru í öllum tilvikum hreinar og náttúrulega heilnæmar sjávarafurðir. Vísir notast við rekjanleikakerfi sem byggt er á rafrænni afladagbók og samtengingu upplýsingakerfanna Hafsýn, Wise og Innova. Með þessu er unnt að rekja afurðir fyrirtækisins niður á viðkomandi veiðisvæði. Rekjanleikakerfið hefur verið vottað af MSC og með því er viðskiptavinum okkar sýnt fram á að rekjanleikakeðjan slitnar ekki frá vottuðu fiskimiðunum, í gegnum vinnslurnar og alla leið á markaðinn. Allar afurðir Vísis eru með MSC vottun. Þær tegundir sem ekki eru unnar í eigin vinnslum eru seldar á markaði.

### Verðmætaaukning hráefnis

Vísir hf. leitast við að auka verðmæti alls hráefnis sem veitt er. Til þess er lögð áhersla á fullnýtingu hráefnis og hámarksgæði afurða. Hausar og bein hafa í áratugi verið nýttir og frá 1999 hafa þeir verið seldir til dótturfélags Vísis, Haustaks, og þurrkaðir fyrir Nígeríumarkað. Annað tengt félag Vísis, Codland, var stofnað árið 2013 sem vettvangur fyrir frekari nýsköpun og fullvinnslu. Verkefni Codlands hafa m.a. snúist um að þróa lýsi úr slógi, steinefni úr fiskibeinum og kollagen úr fiskiroði. Kollagen-verkefnið komst á laggirnar árið 2018 þegar Marine Collagen ehf. var stofnað en meðeigendur Vísis í því eru Þorbjörn hf., Samherji hf. og Brimi hf. Eignarhlutur í félaginu er jafn á milli íslensku félaganna en félagið var byggt upp í samstarfi við spænska fyrirtækið Juncà Gelatines. Framleiðslan hófst um mitt ár 2020 og var árið 2021 því fyrsta heila ár Marine Collagen í rekstri og var þar framleitt gelatín og kollagen úr 1.400 tonnum af þorskroði.





## Gæði og matvælaöryggi

Vísir leggur sig fram við að tryggja matvælaöryggi. Gæðakerfi fyrirtækisins er sett upp út frá alþjóðlegum kröfum GFSI (Global Food Safety Initiative) stöðlum. Ferskfiskvinnsla og frystihús félagsins hafa verið GFSI vottuð síðan 2018. Vottunin sýnir fram á að gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins standast ítrustu gæðakröfur sem settar eru á matvælaframleiðslu á alþjóðavísu. Fyrst var það samkvæmt IFS-staðli (International Featured Standards) en árið 2020 var skipt um vottun og fengu ferskfiskvinnsla og frystihús félagsins BRC- (British Retail Consortium) vottun. Hlutfall vottaðra afurða, sem fer í gegnum þær vinnslur, er 55%. Unnið er að því að fá BRC-vottun á allar vinnslur félagsins.

## Lágmörkum sótsporið

Stefna fyrirtækisins er að mæla og meta losun á gróðurhúsalofttegundum og nýta tækifæri til að takmarka og draga úr umhverfisáhrifum í samræmi við tækniþróun. Fyrirtækið hvetur til notkunar og styður enn frekar þróun og nýtingu á umhverfisvænni tækni, bæði á sjó og í landi. Vísir hf. stefnir að lágmörkun sótspors með því að:

1. Mæla sótsporið
2. Draga enn frekar úr losun
3. Jafna og binda kolefni



Fyrirtækið leitar leiða til að minnka notkun á jarðefnaeldsneyti:

- Við smíði á nýjum skipum er lögð áhersla á hagkvæma orkunýtingu og umhverfismál, alveg frá hönnun.
- Reynt er að koma auga á tækifæri til að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti og auka hlutdeild vistvænna orkugjafa, sem eru raunhæfir og samkeppnishæfir.
- Um leið og tækifæri gefast verður HFC kælimiðlum skipt út fyrir aðra sem valda ekki gróðurhúsaáhrifum, og við nýsmíði skipa er lögð áhersla á vistvæna kælimiðla.

### 1. Mæla sótsporið: kolefnisuppgjör

Mikil vinna hefur farið í að ná yfir umfang umhverfisáhrifa frá starfsemi Vísis. Með hjálp hugbúnaðar frá Klöppum hefur náðst að taka saman mikilvægustu tölur sem notaðar eru í útreikningum við kolefnisfótspor sem er mælt í losun koltvísýringsígilda (CO<sub>2</sub> ígildi). Nánar má sjá útskýringu á CO<sub>2</sub> ígildum í umhverfisskýrslu fyrirtækisins í viðhengi.

Við útreikninga á umhverfisuppgjöri Vísis hf. er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri. Vísir hf. hefur lagt áherslu á að loftslagsverkefnið sé unnið innan ramma þeirra innlendu og alþjóðlegu laga og reglugerða sem snúa að umhverfismálum. Umfangið skiptist í eftirfarandi hluta:


- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfalli Vísis hf. afmarkast umfang 1 við eldsneytisnotkun skipa, bifreiða og vinnuvéla í eigu og/eða rekstri félagsins.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.



- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Vísir hf. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna meðhöndlunar á úrgangi frá starfsemi félagsins.

Út frá ofangreindum gögnum var losun gróðurhúsalofttegunda Vísir fyrir árið 2021 rúmlega 6.112 tCO<sub>2</sub> ígildi. Þetta er þó nokkuð minna en það var árið á undan og má rekja það til átaksverkefna í umhverfismálum auk þess sem að fækkað var um eitt skip í upphafi fiskveiðiárs. Frekari útlistun má finna í umhverfisuppgjöri fyrirtækisins í viðhengi.

### Losun gróðurhúsalofttegunda



## 2. Aðgerðir til að draga úr losun


### SORPFLOKKUN

Vísir leggur sig fram við að skila sem mestum hluta af sorpi sínu til endurvinnslu. Með endurvinnslu og endurnýtingu er reynt að skapa verðmæti úr úrgangi sem til fellur í starfsemi fyrirtækisins. Allur úrgangur sem fellur til á sjó, til dæmis veiðarfæri, plast, pappi, úrgangsolía, glussi, umbúðir, járn og gler, er tekinn með til hafnar og meðhöndlaður samkvæmt reglum um losun á sorpi frá skipum í sjó (fimmti viðauki Marpol). Fyrirtækið ætlar að auka fræðslu um endurvinnslu veiðarfæra og sér sjálfst um að úrelt veiðarfæri séu hreinsuð, flokkuð og send til endurvinnslu eða urðunar. Fyrirtækið hefur komið sér upp aðstöðu þar sem ónýtum veiðafærum er safnað saman og ráðstafað eftir flokkun.

Við stefnum að því að skila hafi og ströndum í betra ástandi til komandi kynslóða. Skip Vísir hf. taka með til hafnar allt rusl úr sjó sem í veiðarfærin koma. Einnig hefur fyrirtækið styrkt Bláa herinn í strandhreinsunarverkefnum víða um land síðustu ár.

Hlutfall sorps sem fer í endurvinnslu hjá fyrirtækinu í heild er komin upp í 38,4 % og hækkaði hlutfallið um 6,9% milli ára.

## Flokkun sorps



### SJÁLFBÆR ORKA

Hleðslustöð fyrir starfsfólk Vísir var sett upp í upphafi árs og hjólagrindur hafa verið settar við hverja starfstöð. Vísir vill þannig hvetja fólk til að færa sig yfir á umhverfisvænni samgöngumáta. Unnið er að því að setja Umhverfisvitundardag inn sem fastan lið í starfsmannadagatali Vísir. Vinna er hafin að gerð samgöngustefnu fyrirtækisins.




### KÆLIMIÐLAR OG RAFVÆÐING HAFNA

Unnið hefur verið að því að skipta út HFC kælikerfum, sem eru með háan stuðul gróðurhúsalofttegunda, og nota í staðinn umhverfisvænni orkugjafa eins og ammoníak-kerfi eða CO<sub>2</sub>-kerfi.

Stærsta kælikerfi fyrirtækisins er ammoníak-kerfi (520 kW), sem er í frystihúsinu, og við endurbyggingu á afurðakæli þjónustuhúss Vísir við Hafnargötu 18 var sett upp CO<sub>2</sub>-R744 kerfi (70 kW). Bæði þessi kerfi hafa engan útblástur gróðurhúsalofttegunda. Önnur minni kerfi eru HFC-R449A og HFC R404A kerfi (samtals 373 kW).

## Kælikerfi Vísir hf. í landi



Öll skip Vísir eru búin landtengingarkapli fyrir rafmagn og við nýsmíði á Páli Jónssyni var hannaður búnaður sem tekur heitt vatn um borð, til kyndingar í höfnum í staðinn fyrir rafkyndingu.



### 3. Jafna og binda kolefni

Á þessum tímapunkti hefur fyrirtækið ekki hafist handa við að jafna og binda kolefni en unnið er að aðgerðaáætlun um kolefnisbindingu.

### Starfs- og siðareglur Vísis

Vísir starfar af heilindum og á áreiðanlegan og sanngjarnan hátt. Stefna okkar er að vinna gegn spillingu í hvaða formi sem er. Við höfum að leiðarljósi siðasáttmála Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.



- Við erum heiðarleg í viðskiptum og gætum að orðspori íslensks sjávarútvegs.
- Við leitumst við að tryggja að starfsemi okkar sé samkvæmt lögum og reglum, hvort sem hún er á Íslandi eða erlendis.
- Við öxlum ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum og beitum dómgreind í samræmi við aðstæður.
- Við stuðlum að gagnsæjum starfsháttum og góðum samskiptum á vinnustað og utan hans.
- Við leggjum okkar skerf til samfélagsins, lögum samkvæmt.
- Við gerum þá kröfu til birgja að þeir framfylgi lögum og reglum í hvívetna.
- Við hvetjum starfsfólk til að tilkynna brot í starfseminni til stjórnenda fyrirtækisins.

Við leggjum áherslu á að starfsfólk sýni hvert öðru virðingu og líðum ekki óréttlæti eins og einelti, kynferðislega áreitni eða mismunun vegna kynferðis, trúar, kynþáttar eða kynhneigðar.

Við tilkynnum yfirmanni ef við verðum vitni að þjófnaði, spillingu eða óreiðu og við notum ekki aðstöðu okkar í félaginu með persónulegan ávinning í huga. Við þurfum að vera vakandi og taka heiðarlega afstöðu ef sú staða kemur upp að ákvörðun okkar fylgir persónulegur ávinningur og leitum álits yfirmanns í öllum vafamálum.

Við tökum ekki við gjöfum eða annars konar greiðslu eða þjónustu, svo sem boðsferðum, skemmtunum, fríðindum eða greiða, nema með samþykki yfirmanns. Gildir það um gjafir frá birgjum, þeim sem óska eftir að eiga viðskipti við Vísi eða öðrum þeim sem gætu hagnast á ákvörðunum starfsmanna félagsins.

Við stuðlum að gagnsæi og birtum ófjárhagslegar upplýsingar.

Við skuldbindum okkur til að birta árlega ófjárhagslegar upplýsingar um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti, þar sem stuðst er við alþjóðlega viðurkennd viðmið. Við birtum skattspor, upplýsingar um hvar skattar eru greiddir og um viðskipti við tengda aðila. Við gerum jafnframt grein fyrir fyrirtækinu, samstæðu og eigendum.



## Skattspor Vísis hf.

Skattspor Vísis var tæpir tveir milljarðar króna á árinu 2021. Stærstu liðirnir voru staðgreiðsla starfsmanna (868 milljónir) og mótframlag í lífeyrissjóði (345 milljón) en þar á eftir komu tryggingargjald (222 milljónir) og veiðigjald (338 milljónir). Nánari útlistun á skattspori fyrirtækisins er sem hér segir:

SKATTSPOR VÍSIS HF.	2021	2020
Tryggingagjald	222.204.382	227.454.238
Veiðigjald	338.254.092	220.545.520
Almennt mótframlag í lífeyrissjóði	345.954.393	341.247.260
Innheimt staðgreiðsla starfsmanna	868.478.010	861.680.494
Innheimtur fjármagnstekjuskattur	32.919.480	20.618.400
Aðrir skattar og gjöld	80.698.304	74.531.049
Gjöld til hafnarsjóða	98.417.778	92.756.225
Tekjuskattur	76.298.676	110.827.968
	2.063.225.115	1.949.661.154

## Stjórnarhættir

Stjórn Vísis hf. skipa fimm stjórnarmenn og tveir varamenn, sem kjörnir eru árlega á aðalfundi félagsins. Varastjórnarmenn sitja alla stjórnarfundi. Forstjóri félagsins og fjármálastjóri sitja stjórnarfundi. Í samræmi við samþykktir fer stjórn félagsins ásamt forstjóra með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda. Meginmarkmið stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri og gæta að því að starfsemi þess sé í samræmi við kröfur þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemina á hverjum tíma. Þá hefur starf stjórnar það að markmiði að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma litið með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur. Að öðru leyti er vísað í stjórnháttaryfirlýsingu fyrirtækisins.

### Mannauður

Stefna Vísir er að vera eftirsóttur valkostur til viðskipta og starfa og stjórnendur eru meðvitaðir um að styrkur fyrirtækisins felst í mannauðnum sem í því býr. Starfsmannafundir eru haldnir a.m.k. ársfjórðungslega og boðið er upp á ýmiss konar hópefli og skemmtanir á hverju ári. Vegna samkomutakmarkana síðustu tvö árin hefur lítið verið hægt að skipuleggja annað en skemmtanir á netinu. Á árinu dró þó úr takmörkunum og tækifæri gáfust til að hittast. Grillvagninn kom í mars til að gleðja starfsfólk og boðið var upp á drykki í lok vinnuviku og átti starfsfólk og stjórnendur ánægjulega stund saman. Vísir setti upp Texas-golfmót fyrir allt starfsfólk um sumarið og þótti það hin mesta skemmtun.

Fyrirtækið sér starfsfólki fyrir veitingum í kaffítímum og býður upp á heitan mat í hádeginu gegn vægu gjaldi. Vegna íþyngjandi sóttvarnaraðgerða út af Covid faraldrinum var ákveðið að gefa verkafólki launað frí á milli jóla og nýárs í þakklætisskyni fyrir þrautseigju og þolinmæði á erfiðum tímum. Fyrirtækið hefur undanfarin ár boðið sjómönnum og mökum þeirra til hádegisverðarfundar um sjómannahelgina til að heiðra störf þeirra. Ýmsar mælingar eru gerðar til að meta starfsánægi starfsfólks og má þar nefna reglulegar vinnustaðagreiningar, starfsmannasamtöl og fleira. Á árinu heiðraði Vísir fimm starfsmenn fyrir 20 ára starf hjá félaginu.

### Jafnréttisáætlun

Vísir hefur sett sér jafnréttisstefnu sem hefur það að markmiði að stuðla að jafnri stöðu kynjanna og jöfnum tækifærum einstaklinga, óháð kyni, kynvitund og öðrum ómálefnalegum ástæðum. Jafnréttisáætlunin inniheldur sjö markmið sem fyrirtækið vinnur að og mælir árangur, m.a. með árlegri vinnustaðagreiningu. Markmiðin eru þau að:



1. hver starfsmaður sé metinn að verðleikum. Því fær allt starfsfólk fræðslu um góð samskipti.
2. allir njóti sömu möguleika til starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar. Starfsfólk er hvatt til að sækja ýmis námskeið sem tengjast vinnunni á einn eða annan hátt.
3. að starfsfólki séu greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf. Vísir er með jafnlaunastefnu og hefur fengið jafnlaunavottun. Gerð er launagreining á hverju ári, og laun starfsmanna eru leiðrétt ef fram kemur óútskýrður munur á launum kynjanna.
4. að gæta þess að hlutfall kynja í stjórn sé jafnt, skv. lögum um hlutafélög. Í stjórn Vísir er hlutfallið 40% karlar og 60% konur. Þegar starf í stjórnendateymi losnar skal hvetja sérstaklega það kyn, sem hallar á, til að sækja um.
5. að laus störf hjá fyrirtækinu standi öllum opin, hvort sem er konum, körlum eða fólki með óháða skráningu kyns í Þjóðskrá. Hlutfall karla og kvenna í yfirstjórn er 72% karlar og 28% konur.
6. fyrirtækið sé fjölskylduvænn vinnustaður sem geri öllum kleift að samræma starfs- og fjölskylduábyrgð eins og kostur er. Vísir er með fyrirsjáanlegan vinnutíma fyrir utan tilfallandi yfirvinnutíma og tekur tillit til fjölskylduáðstæðna eftir fremsta megni.





7. að einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum. Viðbragðsáætlun fyrirtækisins er kynnt á starfsmannafundum og er aðgengileg á innri vef félagsins. Ógn eða áreitni er hægt að tilkynna rafrænt í gegnum atvikaskráningu (ATVIK). Tilkynningar þess efnis fara einungis til mannauðsstjóra.

Stjórnendur rýna vinnustaðgreiningarnar í hvert skipti og bregðast við niðurstöðunum, m.a. með fræðslu og fundum.

### Meðferð persónuupplýsinga

Vinna að persónuverndarstefnu fyrir fyrirtækið hófst árið 2019. Settar voru upp verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga til að tryggja að meðferð upplýsinganna standist lög um persónuvernd.

### Fræðsla fyrir starfsmenn

Fyrirtækið lítur á fræðslu sem mikilvægan þátt í því að auka þekkingu og hæfni fólks og styður starfsfólk sitt í að auka þekkingu sína og færni. Fyrirtækið bauð á árinu stjórnendum og millistjórnendum á námskeið í bættum samskiptum á vegum MSS auk þess sem verkstjórum var boðið á stjórnendanámskeið sem haldið var í sal í Grindavík.

Reglulega er boðið upp á fiskvinnslunámskeið þar sem góð meðhöndlun hráefnis er höfð að leiðarljósi til þess að bæta gæði og öryggi afurða. Þrátt fyrir sóttvarnaráðstafanir tókst að halda uppi fræðslu starfsmanna, m.a. með því að nýta tæknina í fjarkennslu. 108 starfsmenn hlutu fræðslu á árinu 2021, í samtals 2.218 stundir. Fyrirtækið hefur í gegnum tíðina boðið öllu starfsfólki sínu af erlendum uppruna íslenskukennslu, sér að kostnaðarlausu, og hafa margir nýtt sér það. Á árinu fóru ellefu starfsmenn á íslenskunámkeið.

Fræðsla	Fjöldi starfsmanna		Fræðslustundir	
	2021	2020	2021	2020
Slysavarnaskóli sjómanna	31	21	496	360
Fiskvinnslunámskeið	44	36	1344	448
Öryggismál		21		84
Gæðamál	5	30	104	50
Stjórnendabjálfun	21	8	83	115
Ýmislegt - persónuleg færni o.fl.	7	20	191	210
<b>SAMTALS</b>	<b>108</b>	<b>136</b>	<b>2.218</b>	<b>1.267</b>

Að auki fór af stað átaksverkefni í samvinnu við SFS, þar sem myndböndum og fræðslu um brottkast var komið til hverrar áhafnar og skipstjóri sá til þess að starfsmenn um borð fengju fræðslu um brottkast.




## Jafnlaunavottun

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (lög nr. 150/2000) skal jafnlaunavottun byggjast á Jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Vísir fékk jafnlaunavottun árið 2020. Úttektina gerði Vottun hf., sem er faggilt vottunarstofa sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 350/1993 um starfsemi faggiltra vottunarstofa og staðlinum ÍST EN ISO 17021-1.



Jafnlaunastefna Vísis er skýr. Tilgangur jafnlaunastjórnunarkerfis félagsins er að tryggja jafnan rétt og jafna stöðu alls starfsfólks og skapa jöfn tækifæri einstaklinga óháð kyni. Vísir greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og vinnur stöðugt að því að útrýma óútskýrðum, kynbundnum launamun, sé hann til staðar. Samkvæmt launagreiningu var launamunur kynjanna án málefnaþregra skýribreytna (m.a. sjómanna) 1,8% árið 2021, karlar voru hærri, og því náðist það markmið að óútskýrður kynbundinn launamunur yrði undir 2,5%. Vert er þó að geta þess að mjög fáar konur eru í þeim störfum, sem eru með flest stigin, og er það stærsta áskorunin sem snýr að jafnréttismálum innan fyrirtækisins.

### Kynjahlutföll starfsfólks í prósentum



## Heilsa og öryggismál

Heilsa og vellíðan starfsfólks er fyrirtækinu mikilvæg. Fyrirtækið er með samning við Heilsuveru og Sjómannaheilsu til þess að tryggja starfsfólki betra aðgengi að hjúkrunarfræðingum og læknum. Samningarnir fela einnig í sér árlega heilsufarsskoðun og flensusprautur.

Fyrirtækið hvetur starfsfólk til heilsueflandi venja, býður upp á hollan og góðan mat í hádeginu, gegn vægu gjaldi, og niðurgreiðir líkamsræktarkort.





## Varnir við heimsfaraldri

Á tímum Covid-19 ákvað Vísir að láta alla sjómenn taka Covid-próf áður en þeir fóru um borð, með það að markmiði að vernda aðra í áhöfninni. Það gekk vel og náðist að koma í veg fyrir hópsmit innan áhafna á árinu. Þar sem starfsemi fyrirtækisins flokkast undir þjóðhagslega mikilvæga starfsemi var það undanskilið ströngustu sóttvarnaáðgerðum stjórnvalda og samkomutakmarkanir náðu því ekki yfir starfstöðvarnar. Mikil vinna var lögð í að skipta starfsfólkinu upp í minni hópa og gæta þess að þeir sköruðust ekki á vinnustaðnum. Áhersla var lögð á að starfsmenn létu bólusetja sig gegn Covid 19 og ekki var ráðið nýtt starfsfólk sem var óbólusett.

## Slys og forvarnir

Vísir trúir því að öflugar forvarnir séu lykillinn að því að ná þeim árangri að gera Vísir að slysalausum vinnustað. Áhersla er lögð á öryggi og velferð starfsmanna og hafa öll störf fyrirtækisins verið áhættumetin og vinnuaðstaða og/eða verklag bætt þar sem mögulegar hættur eru til staðar. Öll slys, atvik og „næstum slys“ eru skráð í skráningarkerfið ATVIK. Öryggisnefndir eru starfræktar á hverjum vinnustað og hittast þær reglulega og skoða öll slys og atvik og leggja til úrbætur. Á reglulegum starfsmannafundum eru öryggismál rædd og öryggisreglur undirstrikaðar.


Nýjum öryggishandbókum var komið fyrir á öllum skipum og öryggisbúnaður yfirfarinn. Farið var í átak vegna hjálmanotkunar en hjálmaskylda er á öllum skipum.

Skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri sitja í öryggisnefnd á skipunum og framkvæma þeir mánaðarlegar æfingar í öryggismálum. Öryggisvörður, öryggisstjóri og öryggistrúnaðarmaður sitja í öryggisnefndum á landi. Öryggisnefnd á landi hittist mánaðarlega og fer yfir öll skráð slys og „næstum slys“ og vinna að úrbótum.

Þrátt fyrir þetta fjölgaði slysum. Unnið er að því með ráðgjafa að greina þessi slys og bæta verklag og aðstöðu.

Hér má sjá samantekt slysa hjá félaginu á árinu 2021:

### Slysatíðni Vísis á sjó og í landi





## Tengsl við menntakerfið

Vísir leggur sig fram við að efla tengsl við menntakerfið og kynna spennandi atvinnuöguleika í sjávarútvegi. Félagið á 5,05% hlut í Fisktækniskóla Íslands, sem sinnir því mikilvæga starfi að mennta og endurmennta starfsfólk í greininni. Þá hafa fulltrúar frá fyrirtækinu haldið nokkra fyrirlestra fyrir háskólana, eins og fram kemur hér á eftir.



### HÁSKÓLI ÍSLANDS

#### FYRIRLESTUR UM FJÓRÐU IÐNBYLTINGUNA OG ÞEKINGARSTJÓRNUN

Ómar Enoksson, tækniþróunarstjóri Vísir, hélt fyrirlestur um fjórðu iðnbyltinguna og þekkingarstjórnun í sjávarútvegi í Háskóla Íslands árin 2021 og 2020. Þar fór hann yfir hvað Vísir hefur verið að gera bæði á sjó og í landi, hvernig vinnslan var áður fyrr og hvernig hún er í dag, hvernig vinnslan á sjó var og hvernig er nú um borð í þeim bátum sem eru með sjálfvirka flokkun. Einnig var farið yfir rafrænar skráningar félagsins og tengingar milli kerfanna Hafsýn, Wise og Innova.

#### REKSTUR Í SJÁVARÚTVEGI: STEFNUMÓT VIÐ SJÁVARÚTVEGINN 2021

Framkvæmdastóri Vísir hefur að undanfögnu tekið þátt í verkefni sem nefnist Stefnumót við Sjávarútveginn, sem haldið er af Viðskiptadeild Háskóla Íslands, í námskeiðinu Rekstur í sjávarútvegi. Þar eiga nemendur í námskeiðinu stefnumót við nokkra af forsvarsmönnum í atvinnugreininni. Árið 2021 var stefnumótið haldið 16. mars og var yfirskriftin *Fæðuöryggi með sjálfbærni að leiðarljósi*. Framkvæmdastjóri Vísir, Pétur Hafsteinn Pálsson, ræddi þar um veiðigjöld í sjávarútvegi. Árið þar á undan var yfirskrift stefnumótsins *Nýsköpun og fæðuöryggi til framtíðar*. Pétur fór þá yfir tildrög og hvatann til nýsköpunar í sjávarútvegi.

Til viðbótar við erindi framkvæmdastjórans í Stefnumótinu við sjávarútveginn bauð fyrirtækið nemendum í faginu að taka að sér lokaverkefni sem tengdust umhverfismálum. Nemendurnir fengu tíma með mannauðstjóra og forstöðumanni gæðamála til að kynna fyrirtækinu og heyra hvernig umhverfismálum væri háttað hjá Vísir. Verkefnið var skemmtilegt og vandað hjá nemendum Háskóla Íslands.

### FISKTÆKNISKÓLINN

Þróunarstjóri Vísir tók þátt í umræðu um hvernig setja ætti upp námsáætlun á Mareltækninámi á vegum skólans. Sérstaða Vísir í þátttökunni er reynsla og þekking fyrirtækisins á hugbúnaðarkerfi Marels.

## Styrkir og þátttaka í verkefnum og samtökum

Vísir er aðili að Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og situr framkvæmdastjóri félagsins, Pétur Hafsteinn Pálsson, þar í stjórn og framkvæmdaráði. Vísir er einnig aðili að Útvegsmannafélagi Suðurnesja og þar er framkvæmdastjóri félagsins í stjórn. Að auki er félagið í Viðskiptaráði Íslands, sem eru heildarsamtök í íslensku atvinnulífi.



Vísir var þátttakandi í markaðsverkefninu „Seafood from Iceland“, ásamt fjölda annarra sjávarútvegsfyrirtækja innan SFS. Ráðist var í markaðsherferð undir nafninu „FISHMAS“, fyrst um sinn í Bretlandi, til að auka vitund fólks um gæði og heilnæmi íslensks fisks og benda á að fiskistofnar við Ísland séu nýttir á sjálfbæran hátt.

Félagið leggur einnig sitt af mörkum til að styrkja samfélagið, og hér má sjá samantekt yfir veitta styrki á árinu 2021:

Almennir styrkir	1.591.000
Styrkir til íþróttafélaga	19.357.777
Styrkir til stjórnmalaflokka	1.800.000
Styrkir til góðgerðamála	7.562.912
Samtals	30.311.689

## Innsýn í störf sjómanna á þekktum miðli

Sjávarútvegur er ein af grunnatvinnugreinum landsins. Störf sjómanna hafa oft verið talin hættuleg vegna starfsumhverfis og tíðarfars við Íslandsstrendur. Árið 2020 hafði fólk á vegum breska kvikmyndaframleiðslufyrirtækisins Renowned Films samband við Vísi hf. um þátttöku við framleiðslu sjónvarpsþátta fyrir bandarísku sjónvarpsstöðina Discovery Channel. Hugmyndin var að búa til þætti sem myndu taka við af heimsfrægum þáttum hjá stöðinni, sem bera heitið „Deadliest catch“. Í þeim þáttum er fylgst með krabbaveiðimönnum um borð í fiskiskipum í Barentshafi, á kóngakrabba- og snjókrabbaveiðitímabilinu í Alaska. Titill þáttarins varð til vegna mikillar hættu á meiðslum eða dauða í tengslum við þessa vinnu.

Vísir ákvað að slá til, þar sem þetta gæti verið gott markaðsefni fyrir gæði, uppruna og sjálfbærni fiskstofna þessarar mikilvægu þjóðfélagslegu atvinnugreinar. Þættirnir myndu gefa áhorfendum innsýn í líf og störf íslenskra sjómanna og um leið að auglýsa íslenskan fisk.

Ákveðið var að nafn þáttanna, sem gerðir yrðu hér á landi, yrði „Icecold Catch“ með tilvitnun í nafn fyrri þátta. Hugmyndin var, líkt og í Alaska, að fylgja óreyndum háseta (e: greenhorn) um borð í íslensku línuskipi og vinna þar með reyndum sjómönnum á erfiðasta tíma á Íslandsmiðum, hvað veður varðar.

Upphaflega stóð til að þættirnir yrðu myndaðir um borð í tveimur línuskipum Vísis, Jóhönnu Gísladóttur og Páli Jónssyni. Það breyttist síðan þegar línuskipinu Jóhönnu Gísladóttur var lagt, og ákveðið að einungis yrði myndað um borð í Páli.

Verkefnið frestaðist vegna Covid-faraldursins. Það var svo í október 2021 að tíu manna hópur á vegum Renowed Films kom á staðinn. Auk þeirra kom „óreyndi hásetinn“, ung bandarísk kona, sem hafði einungis reynslu af siglingum á stórum farþegaskipum.

Þar sem öryggismál eru tekin mjög alvarlega hjá fyrirtækinu vissi framleiðslufólkið að það myndi ekki ná sams konar efni og um borð í krabbabátunum. Samt reyndi það að ná öllu sem taldist athyglisvert fyrir raunveruleikasjónvarp.

Þess ber að geta að verkefnið stóð yfir í fjóra mánuði og heppnaðist vel. Það var hins vegar nokkuð flókið vegna þess að fjórða bylgja Covid magnaðist eftir að tókur hófust. Meðal annars þurftu framleiðendur að gangast reglulega undir Covid próf til að koma í veg fyrir að skipið yrði kyrrsett.

Töluvert reyndi á íslensku áhöfnina, þar sem öll samtöl þurftu að fara fram á ensku, og voru sumir orðnir nokkuð þreyttir þegar yfir lauk.



Búist er við að sýningar á þáttunum hefjist í Bandaríkjunum í júlí á þessu ári, þegar síðasti þáttur af Deadliest Catch hefur verið sýndur. Alls verða þættirnir frá Íslandi þrettán talsins.

## Samantekt

Skýrsla þessi er samfélagsuppgjör Vísis hf. og er mikilvægur hluti af stefnu fyrirtækisins um gagnsæi. Hún er unnin eftir bestu vitund og umfang hennar eins viðamikið og frekast er unnt á þessum tíma. Í kolefnisuppgjörið vantar upplýsingar um flutninga afurða frá okkur til viðskiptavina og kolefnisspor birgja okkar, s.s. beitu. Samfélagsskýrslan mun fylgja ársreikningi félagsins.



## Umhverfisuppgjör - Lykiltölur

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> i	6.207,3	6.561,3	5.974,1	7.039,8	6.019,7
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> i	50,2	54,7	47,2	56,4	51,4
Umfang 1 og 2	tCO <sub>2</sub> i	6.257,5	6.615,9	6.021,3	7.096,2	6.071,1
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> i	2,4	4,4	36,7	46,5	40,8
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	tCO <sub>2</sub> i	6.259,9	6.620,4	6.058,1	7.142,7	6.111,8
<i>Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics &amp; Targets</i>						
Umfang 1 - Samsetning losunar	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	6.207,3	6.561,3	5.974,1	7.039,8	6.019,7
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> i	6.131,9	6.417,4	5.793,2	6.786,9	5.788,3
Umfang 2 - Samsetning losunar	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	50,2	54,7	47,2	56,4	51,4
Rafmagn	tCO <sub>2</sub> i	19,2	21	24,2	27,7	28,2
Hitaveita	tCO <sub>2</sub> i	30,9	33,7	23	28,7	23,2
Umfang 3 - Losun á fyrri stigum	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
<i>Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri</i>						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	2,4	4,4	36,7	46,5	40,8
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO <sub>2</sub> i	2,4	4,4	36,7	46,5	40,8
Orkunotkun	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	29.398.159	31.148.757	27.899.864	32.820.285	28.684.158
Jarðefnaeldsneyti	kWst	23.714.208	25.063.404	22.831.857	26.939.437	23.376.872
Rafmagn	kWst	2.187.308	2.282.133	2.471.121	2.636.135	2.681.926
Hitaveita	kWst	3.496.643	3.803.221	2.596.886	3.244.713	2.625.359
Bein orkunotkun	kWst	23.714.208	25.063.404	22.831.857	26.939.437	23.376.872
Óbein orkunotkun	kWst	5.683.951	6.085.354	5.068.007	5.880.848	5.307.286
<i>Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management</i>						
Orkusamsetning	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	29.398.159	31.148.757	27.899.864	32.820.285	28.684.158
Jarðefnaeldsneyti	%	88,6%	80,5%	81,8%	82,1%	81,5%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	7,4%	19,5%	18,2%	17,9%	18,5%
<i>Nasdaq: E5 GRI: 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management</i>						
Eldsneytisnotkun	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
Heildareldsneytisnotkun	kg	1.946.873	2.057.560	1.876.261	2.214.153	1.921.823
Bensín	kg	3.678	680	1.287	1.070	983
Díselolía	kg	20.983	18.850	93.311	123.763	126.543
DM olía	kg	1.922.212	2.038.031	1.781.663	2.089.320	1.794.298
Vatnsnotkun	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
Heildarvatnsnotkun	m <sup>3</sup>	312.565,9	379.784,8	44.773,9	55.943,3	45.264,8
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	60.286,9	65.572,8	44.773,9	55.943,3	45.264,8
<i>Nasdaq: E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water &amp; Wastewater Management</i>						
Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2017	2018	2019	2020	2021
Heildarmagn úrgangs	kg	112.898	96.180	120.334	126.964	142.061
Flokkaður úrgangur	kg	8.290	47.345	56.188	44.434	54.996
Óflokkaður úrgangur	kg	104.608	48.835	59.245	82.530	87.065
Endurunnin úrgangur	kg	8.290	47.345	53.128	39.974	54.586
Úrgangi fargað	kg	104.608	48.835	62.305	86.990	87.475